

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 2018 í máli nr. E-3729/2016:

**Páll Þór Ómarsson Hillers**

*(Jónas Haraldsson lögmaður)*

**gegn**

**P/F Faroe Ship**

*(Svanhvít Axelsdóttir lögmaður)*

Mál þetta, sem höfðað var 5. desember 2016, var dómtekið, að loknum endurflutningi, fimmtudaginn 1. mars sl.

Stefnandi er Páll Þór Ómarsson Hillers, [...] og stefndi P/f Faroe Ship, Eystara bryggja, FO-100, [...]

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.113.145 krónur, auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 29. ágúst 2016 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi krafðist í stefnu 2.909.250 króna en hækkaði kröfu sína í þinghaldi 23. mars 2017 með vísan til áskilnaðar í stefnu málsins vegna launahækkunar samkvæmt kjarasamningi í 3.113.145 krónur. Þessari breyttu kröfugerð var mótmælt af hálfu stefnda.

I.

Stefnandi kveðst hafa starfað sem háseti frá 1983, fyrst á skipum Eimskipa, en eftir að skipin hafi verið sett undir færeyskan þægindafána og skráð í Færeyjum í eigu dótturfyrirtækis Eimskipa, þá hafi stefnandi starfað á ýmsum skipum í eigu þessa færeyska fyrirtækis, þ.e. stefnda P/f Faroe Ship.

Aðilar gerðu með sér starfssamning 1. janúar 2011, þar sem stefnandi réð sig til starfa með ótímabundinni ráðningu sem háseti á leiguskip hjá Fossum, en það fyrirtæki sameinaðist síðar stefnda, P/f Faroe Ship. Segir í samningnum að um kjör hans fari, að öðru leyti en fram komi í samningnum sjálfum, eftir sjómannaögum

nr. 35/1985 og kjarasamningi Sjómannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Vinnufyrirkomulag stefnanda var að sögn hans þannig að hann vann samtals 28 daga og átti síðan 14 daga frí. Af þeim sökum hafi verið um að ræða mismunandi fjölda unninna daga í hverjum mánuði og þar með dagafjölda sem greitt var fyrir mánaðarlega.

Stefnanda var sagt upp störfum 20. maí 2016 með þriggja mánaða fyrirvara, en hann hafði þá starfað á Lagarfossi síðustu mánuðina. Í uppsagnarbréfi þennan dag kom fram að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi stefnanda á uppsagnarfresti og að lokauppgjör launa færi fram í síðasta lagi 29. maí 2016.

Á tímabilinu 7. júlí til 20. september 2016 gengu tölvuskeyti milli lögmannna aðila vegna kröfu stefnanda um vangreidd laun á uppsagnarfresti. Stefnandi telur sig eiga rétt á fullum launum miðað við alla daga uppsagnartímans, þ.e. hann eigi að fá öll þau laun sem staða hans gaf á uppsagnarfrestinum, ekki eingöngu föst laun, heldur einnig allar þær sporslur og aukagreiðslur sem til hefðu fallið í starfi. Stefndi telur á hinn bóginn að stefnandi hafi eingöngu átt rétt á föstum launum á uppsagnarfrestinum og þau hafi hann fengið greidd. Sættir hafa ekki náðst á milli aðila og er það tilefni málshöfðunar stefnanda.

## II.

Stefnandi byggir á því að honum hafi verið sagt upp störfum sem sjómanni hjá stefnda og ekki verið gefinn kostur á að vinna lögbundinn uppsagnarfrest, þótt hann væri reiðubúinn til þess. Með gerð starfslokasamnings hafi stefndi vikið stefnanda úr skipsrúmi. Í ljósi þessa hafi verið um að ræða viðtökudrátt af hálfu stefnda á vinnuframlagi stefnanda. Samkvæmt dómvenju Hæstaréttar eigi stefnandi við þessar aðstæður rétt á fullum launum, þ.e. grunnlaunum og öðrum launaliðum, allan uppsagnartímann án tillits til vinnufyrirkomulags. Stefndi hafi á hinn bóginn ekki fallist á að slík dómvenja sé fyrir hendi, enda hafi hann eingöngu greitt stefnanda dagvinnulaun á uppsagnarfresti hans. Dómkrafa stefnanda taki þar af leiðandi til annarra launaliða, nánar tiltekið vegna yfirvinnu, kaupauka, frídaga, verslunarfrídaga og orlofs, sem séu hluti af fullum launum stefnanda.

Stefnandi byggir á því að sömu sjónarmið eigi við um kröfu hans og búi að baki veikindalaunaákvæði 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, eins og Hæstiréttur hafi túlkað ákvæðið, um greiðslu fullra launa allan staðgengilslaunatímann. Hið sama gildi í þeim tilvikum þegar ráðningu sé slitið, að breyttu breytanda. Því beri að greiða stefnanda alla launaliði, hverju nafni sem nefnast, alla 90 daga uppsagnarfrestsins. Eins sé óheimilt að draga frá tekjur, sem skipverjar kunni eftir atvikum að hafa unnið sér inn á uppsagnartíma.

Um sundurliðun krafna vísar stefnandi til útreikninga Sjómannafélags Íslands vegna vangreiddrar yfirvinnu, bónusa, frídaga, verslunarfrídaga og orlofs á grunnlaun þau sem hann hafi fengið greidd á uppsagnarfresti úr hendi stefnda, auk samkomulags milli Eimskipa Íslands ehf. fyrir hönd stefnda og Sjómannafélags Íslands vegna félagsmanna Sjómannafélagsins sem starfi á millilandaskipum stefnda, frá 10. janúar 2017. Þeir útreikningar sundurliðist með svofelldum hætti:

Yfirvinna að meðaltali 5,77 klst. á dag	18.147 krónur
Kaupauki að meðaltali 2,79 klst. á dag	5.809 krónur
Frídagar að meðaltali 8,66 dagar, fyrir hvern dag	4.034 krónur
Verslunarfrídagar, fyrir hvern dag	606 krónur
<u>Orlof 13,04%</u>	<u>3.729 krónur</u>
Samtals vegna 90 daga	2.909.250 krónur

Þá fjárhæð sem myndaði upprunalega dómkröfu stefnanda beri að hækka um 6,2%, eða 203.895 krónur, í samræmi við nágildandi launataxta sem hafi verið hækkaður með fyrrgreindu samkomulagi frá 10. janúar 2017. Sé höfuðstóll endanlegrar dómkröfu stefnanda því 3.113.145 krónur. Um heimild sína til að hækka fjárkröfu sína að þessu leyti vísar stefnandi til fyrirvara þar að lútandi í stefnu.

Stefnandi krefst dráttarvaxta á dómkröfu sína frá 1. september 2016, þegar síðasti hluti launauppgjors vegna uppsagnarinnar hefði átt að fara fram.

Um lagarök vísar stefnandi til 9. gr. og 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem og kjarasamnings Sjómannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Sömuleiðis er vísað til almennra reglna samningaréttar um réttaráhrif slita á ráðningarsamningum. Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á 1. mgr. 6. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Málskostnaðarkrafa stefnanda byggir á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt á málskostnað vísast til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

### III.

Sýknukrafa stefnda byggir á því að launauppgjör til stefnanda á þriggja mánaða uppsagnarfresti hafi verið fullnægjandi og eigi stefnandi ekki rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda vegna starfslokanna. Stefndi mótmælir því að stefnandi eigi rétt til að fá greidda einhverja þá liði sem stefnukrafan er sögð samanstanda af, hvort sem er að öllu leyti eða hluta. Þá séu fjárhæðir í stefnu vanreifaðar.

Launakjör stefnanda hafi verið með þeim hætti að hann hafi fengið greidd mánaðarlaun sem hafi samstaðið af tiltekinni fjárhæð fyrir hvern dag sem hann

hafi unnið. Ekki sé ágreiningur um þetta atriði eða þá fjárhæð sem stefnandi hafi fengið greidda á dag. Til viðbótar við daglaun hafi stefnandi fengið greitt fyrir þá yfirvinnu sem hann hafi unnið. Hann hafi einnig fengið kaupauka, sem fólgin hafi verið í greiðslu fyrir vinnu stefnanda við lestun og losun. Launagreiðslur til stefnanda, umfram föst daglaun, hafi því verið fyrir vinnu sem hann hafi innt af hendi og hafi verið breytilegar til samræmis við unna vinnu í hverjum mánuði. Þar sem stefnandi hafi ekki verið gert að vinna uppsagnarfrest eigi hann ekki rétt á greiðslum fyrir yfirvinnu eða kaupauka. Ekki reiknist slíkir launaliðir á grunnlaun stefnanda án eiginlegs vinnuframlags af hans hálfu.

Stefnandi eigi ekki heldur rétt á því að fá greiðslu fyrir frídaga eða verslunarfrídaga. Samkvæmt grein 3.3 í þágildandi kjarasamningi um kjör stefnanda hjá stefnda, milli Samtaka atvinnulífsins og Sjómannafélags Íslands frá 1. maí 2008, hefði skipverji átt frídagarétt sem reiknast hefði með tilteknum hætti, á þeim tíma sem hann var við vinnu um borð í skipi. Stefnandi hafi ekki unnið um borð á uppsagnarfresti og hafi hann því ekki áunnið sér rétt til slíkra greiðslna. Hið sama eigi við um verslunarfrídaga samkvæmt f-lið sömu greinar.

Stefndi hafnar skilgreiningu stefnanda á „fullum launum“, þ.e. að þar undir falli eitthvað annað og meira en dagvinnulaun sem hann hafi fengið fyrir hvern dag á uppsagnarfresti. Stefndi byggir á því að þegar ekki sé krafist vinnu á uppsagnarfresti eigi skipverji rétt á að fá greidd föst dagvinnulaun alla daga uppsagnarfrestsins, óháð því hvort hann hefði unnið þá daga alla eður ei, hefði ekki komið til uppsagnar. Lengra nái réttur skipverja til „fullra launa“ hins vegar ekki. Taki það hugtak því ekki til yfirvinnulauna eða annarra slíkra launaliða sem eingöngu væri greitt fyrir eftir vinnuframlagi og hefðu því verið mismunandi frá degi til dags. Sé það að auki í samræmi við almennar reglur vinnuréttar, sbr. einnig 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga.

Stefndi hafnar því alfarið að 25. gr. sjómannalaga eigi við í málinu. Þar sé mælt fyrir um rétt skipverja til að fá kaup þann tíma sem 9. gr. laganna mæli fyrir um, við þær aðstæður að honum hafi verið vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hafi verið liðinn og án þess að heimild hafi verið til þess í 23. eða 24. gr. laganna. Þær greinar mæli fyrir um heimild til að reka skipverja fyrirvaralaust vegna þartilgreindra brota og ætti hann í því tilviki ekki rétt til uppsagnarfrests.

Greiðslur samkvæmt 25. gr. sjómannalaga komi eingöngu til álitu sé skipverja vikið úr skiprúmi og ástæða þess rúmist ekki innan heimilda 23. og 24. gr. Í því tilviki sé uppsögn ólögmet og bótaréttur því til staðar. Í tilviki stefnanda hafi ekki verið um að ræða ólögmetu uppsögn eða að ráðningu hans hafi verið slitið fyrr en til hafi staðið enda hafi ráðning hans verið ótímabundin og uppsagnarfrestur gagnkvæmur.

Stefnanda hafi því ekki verið vikið úr starfi í skilningi 25. gr. sjómannalaga heldur einfaldlega verið sagt upp störfum með uppsagnarfresti og hann fengið greidd laun þann tíma.

Varakrafa stefnda um lækkun dómkrafna stefnanda byggir á því að nota eigi annað og lægra viðmið en stefnandi geri í útreikningi sínum

Um lagarök vísar stefndi einkum til almennra reglna vinnuréttar, sjómannalaga nr. 35/1985 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eftir því sem við eigi. Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 129. og 130 gr. laga nr. 91/1991 og lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

#### IV.

Stefnandi jók við stefnukröfu sína í þinghaldi 23. mars 2017 og vísaði um þá hækkun til fyrirvara sem hann gerði í stefnu málsins. Fyrirvarinn var svofelldur: „Gerður er fyrirvari um 6,2% hækkun á framangreinda launaliði vegna væntanlegra kjarasamninga.“ Hækkun kröfunnar nam að meðtöldu 13,2% orlofi 203.895 kr. Gegn eindregnum mótmælum stefnda kemst þessi hækkun ekki að í málinu, þrátt fyrir framangreindan fyrirvara, en stefnanda hefði borið að framhaldsstefna í málinu vegna þessa samkvæmt 29. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, án þess þó að fullyrt sé hvort skilyrði þeirrar greinar sé uppfyllt. Verður þessum hluta af kröfum stefnanda vísað frá dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. sömu laga.

Svo sem fram er komið starfaði stefnandi sem háseti hjá stefnda um nokkurra ára skeið. Um störf stefnanda hjá stefnda gilti starfssamningur milli stefnanda og stefnda frá 1. janúar 2011, en að honum slepptum sjómannalög nr. 35/1985 og kjarasamningur Sjómannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 1. maí 2008. Stefnanda var sagt upp störfum hjá stefnda með bréfi 20. maí 2016 og var uppsagnarfrestur hans þar tilgreindur þrjú mánuðir. Óumdeilt er að stefndi óskaði ekki eftir vinnuframlagi stefnanda á uppsagnarfresti og að ákvörðun um starfslok stefnanda var tekin einhliða af hálfu stefnda. Við uppgjör launa stefnanda á uppsagnarfresti var tekið mið af því að stefnandi ætti rétt á því að fá greidd dagvinnulaun fyrir alla daga uppsagnarfrestsins og fór uppgjör við stefnanda fram í samræmi við það.

Í málinu gerir stefnandi kröfu um tiltekna launaliði á uppsagnarfresti, til viðbótar við þau dagvinnulaun sem hann þáði úr hendi stefnda á sama tímabili, þ.e.a.s. fyrir yfirvinnu, kaupauka, frídaga, verslunarfrídaga og orlof. Kröfu sína gerir stefnandi með vísan til 9. og 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sem og framangreinds kjarasamnings. Sýknukrafa stefnda byggir hins vegar á því að stefnandi eigi ekki rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnda en þeim sem hann fékk greiddar á

uppsagnarfresti. Þeir launaliðir sem stefnandi geri kröfu um í málinu hafi ekki verið hluti af föstum ráðningarkjörum stefnanda, þannig að þeir væru greiddir óháð vinnuframlagi á móti.

Ástæða uppsagnarinnar var sögð í hagræðingarskyni í bréfi stefnda til stefnanda 20. maí 2016. Þá byggir stefnandi ekki á því að óheimilt hafi verið að segja honum upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara og í þeim tilgangi sem stefndi tilgreinir í uppsagnarbréfinu frá 20. maí 2016. Ráðningarsamband milli stefnanda og stefnda hélst eftir sem áður út uppsagnarfrestinn, þó að stefndi hefði fallið frá því að krefja stefnanda um vinnuframlag hans á móti. Í ljósi þess bar stefnda að greiða stefnanda umsamin laun, samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, út uppsagnarfrestinn, eftir ákvæðum starfssamnings milli stefnanda og stefnda frá 1. janúar 2011, sjómannalaga nr. 35/1985 og kjarasamnings Sjómannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 1. maí 2008.

Með hliðsjón af framangreindu fær dómurinn ekki séð að tilvísun stefnanda til 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 geti átt við í málinu. Umrætt lagaákvæði fjallar um ólögmdæta og fyrirvaralausá uppsögn atvinnurekanda á ráðningarsamningi skipverja og skyldu hins fyrrnefnda til að svara slíku broti með skaðabótum. Eðli málsins samkvæmt getur lögmdæt uppsögn ráðningarsamnings ekki breyst í ólögmdæta riftun hans þegar sá atburður verður sem var tilgreindur sem réttmdæt ástæða uppsagnar stefnanda, þ.e. hagræðing í rekstri stefnda.

Við þær aðstæður sem uppi eru um starfslok stefnanda hjá stefnda leiða ákvæði sjómannalaga nr. 35/1985 og kjarasamningur Sjómannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 1. maí 2008 ekki til þeirrar niðurstöðu, að mati dómsins, að taka beri kröfu stefnanda til greina. Ráða má af dómaframkvæmd Hæstaréttar, um sambærilegar aðstæður, að sé föst yfirvinna eða aðrir launaliðir, sem stefnandi krefst greiðslu fyrir í málinu, hluti af ráðningarkjörum skipverja beri að greiða þá út uppsagnarfrest, annars ekki. Eins má af þeirri dómaframkvæmd ráða að sönnunarbyrði hvíli á skipverja um það að yfirvinna sé hluti af ráðningarkjörum hans og að hlutaðeigandi eigi þar af leiðandi rétt á greiðslu fyrir yfirvinnu á uppsagnarfresti, án tillits til þess hvort hann hafi leyst slíka vinnu af hendi eða ekki. Slíkt verður hins vegar hvorki ráðið af gögnum málsins, þ.m.t. launaseðlum og starfssamningi stefnanda við stefnda 1. maí 2011, né af öðrum gildandi reglum um ráðningarsamband stefnanda og stefnda. Hefur stefnanda því ekki tekist sönnun þess að hann hafi, eftir uppsögn starfssamningsins við stefnda, mátt búast við því að njóta launagreiðslna umfram föst dagvinnulaun á uppsagnarfresti, án eiginlegs vinnuframlags af hans hálfu á sama tíma, enda hefur ekki verið sýnt fram á að einstakir liðir í kröfugerð stefnanda hafi verið óháðir vinnuframlagi.

Þá felst dómurinn ekki á þau rök stefnanda að sjónarmið að baki 36. gr. sjómannalaga, um rétt til staðgengilslauna við þær aðstæður að sjúkleiki valdi sjómanni óvinnufærni, eigi við um kröfu stefnanda í málinu. Ástæða þess er sú að uppsögn stefnanda byggði á gagnkvæmum uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi. Þá fá dómar sem vísað hefur verið til af hálfu stefnanda ekki haggð þessari niðurstöðu, enda taka þeir til tilvika sem ekki geta talist sambærileg því álitaefni sem hér er til úrlausnar.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af rekstri máls þessa. Er þá og horft til þess að ekki verður betur séð en að uppgjör hafi áður farið fram við annan skipverja á sama skipi í samræmi við dómkröfur stefnanda hér.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **DÓMSORÐ:**

Kröfu stefnanda í þá veru að hækka stefnukröfur í heild um 203.895 krónur er vísað frá dómi.

Stefndi, P/F Faroe Ship, er sýknaður af stefnukröfum stefnanda, Páls Þórs Ómarssonar Hillers.

Málkostnaður fellur niður.

Lárentsínus Kristjánsson

-----  
Rétt endurrit staðfestir,  
Héraðsdómi Reykjavíkur, 9. mars 2018  
Gjald:  
Greitt: